

REGLUGERÐ

um grásleppuveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiðileyfis eiga þeir aðilar sem stundað hafa grásleppuveiðar á a.m.k. einu af árunum 1987, 1988, 1989 og 1990. Leyfi til grásleppuveiða skal úthlutað á þann bát sem er í eigu áðurgreindra aðila. Hafi eigandaskipti orðið á fiskibáti skal ráðuneytið að höfðu samráði við Landssamband smábátaeigenda úrskurða um úthlutun veiðileyfis.

Óheimilt er að veita grásleppuveiðileyfi til báta sem eru stærri en 12 brl. hafi þeir ekki stundað veiðar á grásleppuvertíð 1990.

Ráðuneytið getur bundið leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, er þurfa þykir m.a. varðandi skýrsluskil um veiðar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðarnar þann bát sem veiðileyfið tilgreinir.

4. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Skal leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði vera sem hér segir:

- Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl til 20. júlí.
- Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið frá 1. apríl til 1. júlí.
- Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið frá 10. mars til 10. júní.
- Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið frá 20. mars til 20. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 8.00 að morgni fyrsta veiðidags hvers tímabils og jafnframt er þeim skylt að draga öll net úr sjó fyrir lok veiðitímabilsins.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðisvæði og veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiði þeirra undanfarin ár eða t.d. hafi hafís tálmað veiðar þeirra.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu unnin í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Ríkismati sjávarafurða. Vinnsla grásleppuhrogna um borð í bátum er bönnuð.

6. gr.

Bátum er grásleppuveiðar stunda, er óheimilt að stunda jafnframt þroskfiskveiðar í net.

7. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10.5 þumlungar (266.7 mm). Við ákvörðun á því hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða þá teljast öll net, sem eru með stærri möskva en 8.5 þumlungar (216.1 mm) grásleppunet.

8. gr.

Netabaujur skulu á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess báts, sem á netið.

9. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Hafrannsóknastofnun skýrslu um veiðarnar.

10. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 128 24. febrúar 1988 um grásleppuveiðar ásamt reglugerð nr. 4 8. janúar 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð úr hliðargötum skal víkja með biðskyldu fyrir umferð um Borgarbraut vestan Hlíðarbrautar.
2. Umferð úr tengingum inn á Vestursíðu skal víkja með biðskyldu fyrir umferð um þá götu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Skarðshlíð beggja vegna götunnar frá austurhorni húss nr. 22–28 og norður fyrir gangbraut við Ásbyrgi, nema á sérstöku útskoti norðan lóðar nr. 29–33.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 26. nóvember 1990.

Elías I. Elíasson.